

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík 19. nóvember 2001
SP/hó

Efni: Skattabreytingar

Tilv:01110022


Bændasamtök Íslands hafa haft til skoðunar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, nr. 83/1989, nr. 113/1990, nr. 45/1987, nr. 144/1994 og nr. 145/1994.

Samtökin fagna þeim lækkunum, sem frumvarpið boðar á eignarskatti og tekjuskatti félaga og ennfremur er tekið undir þær breytingar sem auðvelda einstaklingum að færa rekstur sinn yfir í einkahlutafélag.

Á hinn bóginn gera Bændasamtökin athugasemdir við afnám verðbólguþrengingsskila, sem þýðir að fyrningagrunnur fyrnanlegra eigna verði ekki lengur framreiknaðar til samræmis við verðlagsbreytingar og skattaleg áhrif fyrninga fara minnkandi, jafnvel þótt verðbólga verði tiltölulega lítil. Í raun fæst kostnaður við fjárfestingar þannig ekki viðurkenndu að fullu við skattalegt uppgjör. Í landbúnaði eru miklar langtímafjárfestingar og bitnar afnám verðbólguþrengingsskila því illa á þeirri atvinnugrein.

Síðast en ekki síst mótmæla Bændasamtökin harðlega boðaðri hækkun á tryggingagjaldi, sem lagt er á atvinnurekstur óháð afkomu, og hefur gjaldið nú þegar á síðustu fimm árum meira en tvöfaldast hvað landbúnaðinn varðar.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands



Sigurgeir Þorgeirsson